

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012, innan marka svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015, Kjalvegur við Dúfunefsfell.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 23. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012, frá 2. nóvember 1993.

Breytingin felst í því að Kjalvegur breytist við Dúfunefsfell norðaustan Hveravalla. Um er að ræða nýlagningu um 4 km vegkafla austan Dúfunefsfells og styttist aðalfjallvegurinn Kjalvegur við þessa framkvæmd.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svínavatnshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2006